

Nd. **254. Frumvarp til laga** [164. mál]
um breyting á sveitarstjórnarlögum nr. 58 29. mars 1961 með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 105. löggjafarþingi 1982-83.)

1. gr.

Aftan við 94. gr. laganna bætist svohljóðandi málsgrein:
Nú sameinast tvö eða fleiri sveitarfélög, og skal þá tala sýslunefndarmanna þeirra haldast óbreytt og vera eins og hún var fyrir sameininguna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um 1. gr.

Þessi lagabreyting er m. a. gerð vegna eindreginna óska sveitarstjórna Dyrhólahrepps og Hvammshrepps í Vestur-Skaftafellssýslu, en samþykkt var við almenna atkvæðagreiðsu, sem fór fram hinn 14. nóvember 1982 í Dyrhóla- og Hvammshreppum, að þessir hreppar yrðu sameinaðir í einn hrepp.

Ríkisstjórnin fjallaði, að beiðni félagsmálaráðherra, um mál þetta á sínum tíma, og er meðmælt umræddri lagabreytingu, enda verður að telja óeðlilegt að hreppsfélag missi sýslunefndarmann sinn fyrir það eitt að sameinast öðrum hreppi eða hreppum.

Um 2. gr.

Parfnast ekki skýringa.